

<Matthías saga digitalis 6.0/>
Festschrift for
Matthew James Driscoll
on the occasion of his sixtieth birthday
15th May 2014

Edited by
Silvia Hufnagel, Tereza Lansing, Philip Lavender,
J.S. Love, Ragnheiður Mósesdóttir, Beeke Stegmann

Copyright © 2014 by the authors

Published with financial support from
Nordisk Forskningsinstitut, University of Copenhagen

First edition 15th May 2014

This slightly revised electronic edition is published on
nfi.ku.dk/publikationer/webpublikationer/matthias_saga_digitalis_60/
ISBN 978 87 992447 4 4

Typeset by Florian Grammel

Physical copies bound by
Sille Bræmer Enke, Natasha Fazlić and Mette Jakobsen

UM HEILAGAN JÓN, VÉLINA OG DAUÐANN

LÍTIL AFTANMÁLSGREIN VIÐ „THE WORDS ON THE PAGE:

THOUGHTS ON PHILOLOGY, OLD AND NEW“

VIÐAR HREINSSON

Lengst af 20. öld ríktu tveir skólar í rannsóknum íslenskra miðalda-bókmennta. Báðir komnir að fótum fram, skóli Jóns Helgasonar í handritarannsóknum og íslenski skólinn svokallaði, einkum spröttinn af hugmyndum Björns Magnússonar Ólsen og Sigurðar Nordal. Höfuðdjásn þessara skóla eru *Íslensk fornrit* og útgáfur Árnastofnanna beggja.

Báðir skólarnir eru nokkuð séríslenskir. Skóli Jóns studdist lítt við kenningar en virðist hafa þróast með einhvers konar véfréttarkenndu fýluhnussi læriföðurins öðru hvoru sem túlkað var sem fyrirmæli um að fara yfir öll handrit sem máli skiptu og finna út allskonar, svo notað sé nýrra orðfæri en það sem heilagur Jón beitti. Íslenski skólinn hóf á stall ritsnilld manna sem þóttu vinna eins og skáldsagnahöfundar nútímans en þó var sannfræði sagnanna einatt sett á oddinn. Helstu einkenni íslenska skólans voru kostuleg rittengslafræði og ötul leit að nafni höfundar, kennitölu og heimkynnum. Fæstir sporgöngumanna Sigurðar Nordal áttuðu sig fyllilega á bókmenntasýn hans og unnu í anda þjóðlegra fræða án þess að þróa frekar hugmyndagrunn

íslenska skólans. Stundum hefur þessum tveim skólum slegið saman og afraksturinn orðið safn þjóðlegra fræða aukið með textafræði sem ofvöxtur hefur hlaupið í.

Á sviði bókmenntafræða hafa menn að mestu snúið kurteislega baki við íslenska skólanum og litlu púðri eytt í að gera upp við hann. Örnólfur Thorsson gerði ögrandi atlögu að honum fyrir tæpum aldarfjórðungi og gagnrýndi leitina að frumtextanum.¹ Um svipað leyti var í mótun ný stefna sem kölluð hefur verið efnisleg eða ný textafræði. Matthew Driscoll gerir ágæta grein fyrir þeim hræringum í greininni „The Words on the Page: Thoughts on Philology, Old and New“,² og fer kankvíslega yfir þá kenningasnaudu aðferð sem Jón Helgason mótaði eða lét þróast.

Megininntak nýju handritafræðanna er að ekkert handrit sé merki-legra eða „réttara“ en annað, hvert og eitt búi yfir eigingildi og sé verðugt viðfangsefni sem slíkt. Gildi handrits hafði fyrr verið talið felast í fyrirbæri sem lægi utan þess, tilteknu „verki“ sem væri misvel miðlað í handritinu. Út frá slíkri tilvísun út fyrir handritið var jafnan metið hversu gott eða trúverðugt það væri. Driscoll drepur á aðgreiningu milli verks, texta og grips.³ Gripurinn er sjálft handritið, textinn er hið ritaða efni á síðum þess, en svo versnar í því þegar að verkinu kemur, til dæmis sögu á borð við Grettlu eða Njálu. Á miðöldum var verkið naumast til í þeim skilningi sem við leggjum í hugtakið nú til dags, að það sé afurð höfundar, skapandi sjálfsveru eða einstak-

¹ Örnólfur Thorsson, „Leitin að landinu fagra,“ *Skáldskaparmál* 1 (1990): 28–53.

² Matthew Driscoll, „The Words on the Page: Thoughts on Philology, Old and New,“ í *Creating the Medieval Saga: Versions, Variability and Editorial Interpretations of Old Norse Saga Literature*, ed. Judy Quinn and Emily Lethbridge (Odense, 2010), 87–104.

³ Matthew Driscoll, „The Words on the Page,“ 93–95.

lings, afmarkað viðfang, snyrtilega frágengið. Þá var ekki um slíkan endanlegan frágang að ræða, heldur skapandi verðandi, því verkið var stöðugum breytingum undirorpið.

Þessi verðandi verksins er allsstaðar, í handritum, lesbrigðum, glötuðum og þekktum gerðum sagna. Efni flakkaði um og breyttist öldum saman, skipulega eða tilviljanakennt en getur verið þekktanlegt eftir þúsund ár þó órekjanlegt sé. Þegar til að mynda steinafræði Ísidórs frá Sevilla skýtur upp kollinum í *Tíðfordrifi* Jóns lærða þúsund árum eftir að *Alfræði* Ísidórs var rituð er þarflaust að reyna að rekja alla liði þar á milli. *Alfræðin* var helsti þekkingargrunnur miðalda. Þaðan kvíslaðist efni með óræðum og ófyrirsjáanlegum hætti um óteljandi rit sem flest eru glötuð. Efnisatriðin bútuðust niður, skruppu saman, stækkuðu, ummynduðust og samhengið breyttist stöðugt með tím-
anum.

Þessi skapandi verðandi veldur því að verki var aldrei lokið, hver texti var áfangi á leið að næstu uppskrift og ef miklar breytingar urðu á skipan efnis og inntaks varð til ný gerð verks eða nýtt verk. Stök efnisatriði gátu fengið nýtt og nýtt inntak ef ytra eða innra samhengi þeirra verka sem þau birtust í breyttist.

Væri textafræði Jóns Helgasonar það sem hún þykist vera mætti halda því fram að vísindaleg útgáfa væri „réttur“ texti, hin endanlega gerð verks, eins nærri frumgerð og komist væri. Svo verður þó seint, ekki einu sinni í bestu útgáfum, því á þeim öllum má finna annmarka. Reyndar bæla slíkar útgáfur hina skapandi verðandi niður og leitast við að steingera verkið á prenti. Til að mynda er það svo í einni strangvísindalegustu útgáfu sem um getur, *Guðmundar sögum biskups*, sem er ólokið æviverk Stefáns Karlssonar, að nánast er ógerningur að grafast fyrir um merkilegt atriði í einu handriti A-gerðar sögunnar, sem Jón Guðmundsson lærði ritaði ungur. Hann felldi inn

klausur úr *Guðmundarsögu* Arngríms Brandssonar.⁴ Með því varð til forvitnileg gerð *Guðmundar sögu*, sem er áhugaverð sem ávitull um hugarheim og átrúnað Jóns, og jafnvel aðstæður á siðaskiptatímanum. Til þess að grafast fyrir um þetta verður að kanna handritið sjálft því innskot Jóns koma ekki fram í útgáfu A-gerðarinnar, heldur eiga þau að vera í útgáfu D-gerðarinnar sem átti að vera í 4. bindi *Guðmundarsagna* en Stefáni entist ekki aldur til að ljúka. Kannski er þessi ófullgerða útgáfa Stefáns Karlssonar dæmi um ógöngur þessarar aðferðar sem kennd er við Jón Helgason. Ofurnákvæmni olli því að Stefán lauk aldrei verkinu. Það sem út kom er sama marki brennt og margar aðrar útgáfur af sama tagi, afar óaðgengilegt til að vinna með og hefðu margar kosið að Stefán hefði birt meira af djúpstæðri yfirburðaþekkingu sinni og jafnvel með öðrum hætti.

Hvers vegna eru „vísindalegar“ útgáfur svona takmarkaðar? Ástæðan er einföld. Gutenberg fann upp prentið árið 1439 segja sögubækur og með prentlistinni breyttust skynjun og skilningur manna. Prentbyltingin var hluti af róttækum umskiptum sem kölluð hafa verið vísindabylting, iðnbylting og tengdust upplýsingu og skynsemishyggu. Heimsmyndinni var snúið við og mekanísk hugsun tók við af organískri.⁵ Vélræn hugsun smitaði hugvísindin sem héldu að þau gætu líkt eftir raunvísindum. Breytingarnar fólu í sér hlutgervingu þekkingar og sundrun veruleikans í lífvana smábrot.

Samfara þessum breytingum kviknaði hugmyndin um hinn skapandi höfund. Með prentverki urðu bækur verslunarvara og höfundar

⁴ *Ævi Guðmundar biskups: Guðmundar saga A*, 1. bindi af *Guðmundar sögur biskups*, Stefán Karlsson bjó til prentunar (Kaupmannahöfn, 1983), liv–xcviii.

⁵ Carolyn Merchant, *The Death of Nature: Women, Ecology and the Scientific Revolution* (New York, 1980).

þurftu að gæta hagsmuna sinna. Höfundarréttur kom fram sem sambland viðskiptahagsmuna og hugmynda um tjáningarfrelsi sem þróaðist í rómantíska goðsögn um hinn skapandi höfund.⁶ Þegar kom fram á daga nútíma textafræði var hið prentaða höfundarverk farið að svífa mönnum fyrir hugskotsjónum, hugmyndin um hið frágengna, endanlega verk. Með þeirri hugmynd fjaraði verðandi miðaldaverksins út. Textinn sem vefnaður (textile) dó í textafræðinni og þunnri raunhyggju þjóðlegra fræða. Vélræn, smættandi hugsun vísindabyltingarinnar drap verkið í hlutgerðum texta, vel útlitandi og þaulunnum.

Útgáfur beggja Árnastofnana eru hlaðnar textafræðifróðleik og lesbrigðum svo örðugt er að átta sig á því verki sem á að búa að baki textanum. Einnig er grafist smásmugulega fyrir um heimildir, fyrirmyndir og rittengsl svo erfitt getur reynst að henda reiður á hugsun og hugmyndum skrifarans. Heimildaspörð eru tínd upp með raunvísindalegri nákvæmni sem finnur allt nema lífið í textanum. Nánast eina samhengið sem dregið er upp, fyrir utan einfaldan empírískan fróðleik, er þegar stemmur og ættartré eru teiknuð upp, einskonaar hugsanlegt samhengi dauðra gripa. Það getur þó varla verið traust, því glötuð handrit eru miklu fleiri en þau varðveittu. Handritafjöldinn er með sínum hætti til marks um menningarlegt hreyfiafl og fjölbreytni sem kallast á við líffræðilega fjölbreytni. Eins má líkja skapandi verðandi handritanna við lífræna starfsemi. Þegar textafræðin stefnir að vélrænum endanleika er það dauðamark í andstöðu við það

⁶ Egill Viðarsson, „Deilurnar um vísur Vatnsenda-Rósu: Höfundarréttur, þjóðlög og eignarhald á menningu“ (MA-ritgerð í þjóðfræði við Háskóla Íslands 2011), 21–35. <http://skemman.is/stream/get/1946/10153/25347/1/MA-ritger%C3%Bo-Egill.pdf>

lífræna samhengi handritanna sem aldrei verður fullkannað, frekar en töfrasteinninn bezóar, hagleiks- heilsu- og lukkuberið sem Jón lærði segir frá. Þar inni hafði guðdómurinn hulið sköpun og aðgreiningu allra hluta, „hvað enginn fullskoðað fær meðan menn byggja heim þennan“.⁷ Steinninn er tákmynd þeirrar fjölbreytni sem aldrei verður smættuð og fullkönnuð.

Lífræðileg og menningarleg fjölbreytni eru af sama meði. Handritin eru rísóm,⁸ lífrænn vöxtur sem æxlaðist eins og rótaþræðir í menningarjarðvegi fyrri alda og stundum loðir moldin enn við. Um alla jörð byggist lífið á jarðveginum, þaðan fá dýr og jurtir næringu sína því jarðvegurinn er að hluta til sköpun lífsins, sagði Rachel Carson í frægu brautryðjandaverki umhverfisbaráttunnar.⁹ Smættandi, vélræn hlutgerving sér ekki lífsmagnið. Hið vélræna er miðleitið, safnar öllu saman í miðlæga hugmynd þar sem allt er samhæft í eina heild. Lífræn virkni er aftur á móti útleitin, frumur vaxa út frá kjarna. Sama á við um tungumál og menningu, þar takast á vélræn, miðleitin samþjöppun og útleitinn vöxtur og sköpun.¹⁰ Í því ljósi er tímabært að endurskoða rannsóknaraðferðir, og endurvinna allan þann fróðleik sem leynist í lestrarútgáfum Fornritafélagsins og vísindaútgáfum Árnastofnananna til að nota í breyttu samhengi og finna þannig

⁷ AM 727 4to, 9r.

⁸ Um rísóm og handritamenningu sjá Davíð Ólafsson, „Wordmongers: Post-Medieval Scribal Culture and the Case of Sighvatur Grímsson“ (Phd diss., St. Andrews University 2008), 194.

⁹ Rachel Carson, *Silent Spring* (Boston og New York, 2002 [1962]), 53.

¹⁰ Um hið miðleitna og útleitna sjá Jakob von Uexküll, *A Foray into the Worlds of Animals and Humans: With a Theory of Meaning* (Minneapolis og London, 2010 [1934/1940]), 156; og Mikhail Bakhtin, *The Dialogic Imagination* (Austin, 1981), 272–273.

lífskraft í menningarjarðveginum. *Handritaspjall* Jóns Helgasonar er fagurt helgirit um íslenska handritamenningu og Stefán Karlsson bjó yfir einstæðri þekkingu á þeirri sömu menningu. Óskandi hefði verið að þeir hefðu slakað ögn á leitinni að hinum „réttu“ texta og miðlað meiru af óendanlegri fjölbreytni og gróandi handritanna. Í kvæði sínu, „Til höfundar Hungurvöku“, segist Jón hafa greitt flækjur handritanna sem best hann gat, „mér fannst sem ættir þú arfinn þinn / undir trúnaði mínum“.¹¹ Hann hefði varla rofið þann trúnað með því að huga enn betur en hann gerði að jarðvegi og lífsmagni handritamenningarinnar. Bland handritanna er ekki síður kynlegt en bland ættanna.

¹¹ Jón Helgason, *Úr landsuðri: Nokkur kvæði* (Reykjavík, 1971), 79.